

# Skaðar í skógi

*Halldór Sverrisson  
og Guðmundur Halldórsson*

# Yfirlit erindis

- Bókin Heilbrigði trjágróðurs
- Landnám skaðvalda
- Skaðar í skógi árið 2014



# Bókin Heilbrigði trjágróðurs




GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | HALLDÓR SVERRISSON



## HEILBRIGÐI TRJÁGRÓÐURS

Skaðvaldar og varnir gegn þeim



NÝ OG  
AÐGENGILEG  
HANDBÓK

# Landnám skaðvalda

Í þúsundir ára hefur Ísland verið tiltölulega einangrað frá gróðurríki annarra landa. Færri plöntutegundir hafa því vaxið hér en veðurfar hefði leyft. Að einhverju leyti gildir þetta einnig um skaðvaldana.

Leiðir skaðvalda til Íslands:

**Með vindi og hafstraumum**

**Með fuglum**

**Með fólki og farangri**

**Með innfluttum plöntum**

# Aðflutningur skaðvalda með vindi eða fuglum



# Aðflutningur með fólki, vöruinnflutningi og plöntuinnflutningi

Með fólki og farangri þess

Með flutningi á almennum vörum (flugvélar, skip)

Með innfluttum plöntum sem rækta á áfram – mesta hættan

Reglugerð um inn- og útflutning á plöntum

# Viðauki I.

Skaðvaldar sem bannað er að flytja til Íslands. Nefndar eru helstu hýsilplöntur þeirra.

Hýsilplanta	Veirur, berfrymingar og bakteríur	Sveppir	Meindýr
Kartafla	4 + veirur/berfr. utan Evrópu	4	7
Ylræktarplöntur	5	3	14
Greni		2	9
Fura		9	4
Lerki			3
Barrtré almennt		5	3
Ösp	1	4	
Annað		4	1

## ***Viðauki III.***

**Plöntur, sem bannað er að flytja til Íslands (fræ eru undanskilin). Sé annað ekki tilgreint gildir bannið um öll lönd.**

- 1) Álmur (*Ulmus* spp.)
- 2) Birki (*Betula* spp. )
- 3) Fura (*Pinus* spp.)
- 4) Greni (*Picea* spp. )
- 5) Lerki (*Larix* spp. )
- 6) Víðir (*Salix* spp. )
- 7) Ösp (*Populus* spp. )
- 8) Önnur barrtré (*Coniferae*) frá löndum utan Evrópu.
- 9) Villtar plöntur sem safnað hefur verið á víðavangi.
- 10) Plöntur með rót af gúrku, papriku, tómát og salati. Undanskilið er salat með rót, sem ekki er ætlað til útplöntunar heldur er tilbúið til neyslu.
- 11) *Elodea* spp.



# Skilyrði fyrir því að landnám skaðvalda heppnist

Fjöldi gróa eða meindýra þarf að vera mikill

Stundum þarf bæði kyn eða æxlunartýpur


Hýslar (móttækilegar plöntur) þurfa að vera til staðar; stundum einnig millihýslar

Tíminn þarf að vera réttur, t.d. ekki of seint að sumri

Veður þarf að vera heppilegt, t.d. raki fyrir spírun gróa

Veðurfar þarf að leyfa fjölgun og viðhald

# Veðurfar fer hlýnandi



# Breytingar á íslensku skaðvaldaflórunni

Þrátt fyrir einangrun, kulda og aukið opinbert eftirlit með innflutningi hefur tegundum skaðvalda fjölgað.

Skaðvaldar sem verið hafa hér lengi hafa orðið skæðari á síðustu árum.

Hugsanlegar skýringar:

**Hlýnandi veðurfar**

**Aukin og fjölbreyttari ræktun**

**Lengri ræktunarsaga**

**Aukinn innflutningur og auknar samgöngur**

# Algengir sjúkdómar og meindýr á trjátegundum

Nýir skaðvaldar (eftir 1990) eru með rauðu letri

**Birki** Nornavöndur (*Taphrina betulina*)

Birkiryð (*Melampsorium betulinum*)

Tígulvefari (*Epinotia solandriana*), haustfeti (*Operopthera brumata*) og fleiri fiðrildalirfur

Blaðlýs

Birkikemba, birkismuga (*Eriocrania unimaculella*)

**Elri** Reklasveppur (*Taphrina amentorum*)

Blaðvisnusveppur (*Taphrina tosquinetti*)

- Víðir** Víðiryð (*Melampsora epitea*)  
Gljávíðiryð (*Melampsora larici-pentandrae*)  
Guláta (*Godronia fuliginosa*)  
Tjörublettir (*Rhytisma salicinum*)  
Víðifeti (*Hydriomena furcata*) og fleiri fiðrildalirfur  
Asparglytta (*Phratora vitellinae*)
- Ösp** Asparryð (*Melampsora larici-populina*)  
Gulblöðruveiki (*Taphrina populina*)  
Asparglytta (*Phratora vitellinae*)
- Reynir** Reyniáta (*Cytospora rubescens*)  
Hornryð (*Gymnosporangium cornuta*)



# Algengir sjúkdómar og meindýr á barrtrjám

Nýir skaðvaldar (eftir 1990) með rauðu letri

**Greni** Greniryð (*Chrysomyxa abietis*)

Barrfellisveppur grenis (*Rhizospora kalkhoffii*)

Grenilús, sitkalús (*Elatobium abietinum*) (kom 1959)

**Fura** Brum- og greinapurrksveppur (furubikar)  
(*Gremmeniella abietina*)

Furulús (*Pineus pini*)

**Lerki** Barrviðaráta (*Phacidium coniferarum*)


Lerkiáta (*Lachnellula willkommii*)

Barrfellisveppur lerkis (*Meria laricis*)

Lerkiblaðlús (*Cinara laricifex*)

**Pinur** Pináta (*Phacidium balsamicola*)

# Ný skógarmeindýr 1900-2012



# Skaðar í skógi árið 2014

Sviðnun á barrviðum sunnlands

Stækkandi útbreiðslusvæði birkikembu

Birkiryð áberandi víða um land

Sérkennilegur toppdauði á birki

Asparryð óvenju snemma á Suðurlandi



Töluvert bar á skemmdum á barri furu og fleiri sígrænna barrviða sums staðar á Suður- og Vesturlandi.

Myndin er tekin á Markarfljótsaurum.



Birkikemban var mjög áberandi á höfuðborgarsvæðinu í júní. Hún hefur aukið útbreiðslu sína á Suðurlandi og staðfest er að hún er komin í Skagafjörð og Eyjafjörð.

Myndin er tekin á Mógilsá 12. júní 2014





Birkiryð er áberandi snemma á ferðinni í ár og virðist vera það í öllum landshlutum. Ástæðan er vafalítið langt, hlýtt og rakt sumar. Myndin er tekin á Þingvöllum 13. ágúst 2011.





Fregnir hafa borist frá ýmsum landshlutum um sérkennilegt kal eða toppdauða á birki. Allar greinar eru dauðar ofan við vissa hæð.

Myndin er frá Þingvöllum.






Asparryð er snemma á ferðinni í ár. Í uppsveitum Suðurlands voru tré sem stóðu nálægt lerki orðin kolryðguð um miðjan júlí. Myndin er tekin í Biskupstungum 13. ágúst 2014.





Nú er unnið að kynbótum á ösp sem meðal annars miða að því að fá fram klóna með góða ryðmótstöðu. Í afkvæmasafninu í Hrosshaga má finna einn og einn „ryðfrían“ klón.

S19 er ryðlaus klónn



Myndin er tekin  
13. ágúst 2014



***Takk fyrir áheyrnina!***

